

## Minnisblað um málefni sundstaða Hafnarfjarðar – apríl 2018

Þann 1. maí breytist opnunartími sundstaðanna í Hafnarfirði – hér að neðan eru þessar breytingar kynntar sem og helstu afleiðingar þeirra m.a. m.t.t. starfsmanna lauganna.

### **Almennur opnunartími eftir breytingu:**

*Opnunartími Ásvallalaugar og Suðurbæjarlaugar:*

Mánud. – fimmtud.: 6.30 – 22.00

Föstud.: 6.30 – 20.00

Laugard. 9.00 – 18.00

Sunnud. 9.00 – 17.00

*Opnunartími Sundhöll Hfj.:*

Mánud. – föstud: 6.30 – 21.00

Laugard & sunnud.. 8.00 – 11.00

Jafnframt hefur verið aukin opnun á rauðum dögum eins og Föstud.langa, Páskasunnud., Hvítasunnud., 2. í jólum og lengd opnun á aðfangadag og gamlársgdag.

Sérstök sumaropnun verður í Suðurbæjarlaug á sunnudögum frá byrjun júní og fram í byrjun ágúst – laugin verður opin til kl. 21.00 þessa daga.

### **Punktur varðandi breytingar á opnun lauganna:**

- Í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug er í grunninn um að ræða tilfærslu á tímum í opnun – þ.e. tímum er fækkað þar sem aðsókn hefur verið lítil og fjölgað á þeim tímum sem eftirspurn hefur verið eftir.
- Til að mæta óskum sundlaugargesta um að geta farið í sund kl. 8 um helgar er endurvakin helgaropnun í Sundhöllinni.
- Heildaropnunartími á viku í almenningssundlaugunum þremur í Hafnarfirði verður 263,5 klst. tímar á viku í maí 2018 mv. 255,5 kl.st á viku í maí 2017 – s.s. aukning um 8 klst á viku.

**Punktur varðandi afleiðingar fyrir starfsmenn vegna breytinga á opnun:**

- Það er vilji Hafnarfjarðarbæjar að jafnræði sé í vinnufyrirkomulagi sambærilegra starfstöðva sveitarfélagsins – þ.e.a.l. verða vaktaplön og laun sambærileg milli Ásvallalaugar og Suðurbæjarlaugar, enda í grunninn um sama opnunartíma að ræða í báðum laugum.
- Í Ásvallalaug er horfið er frá því skipulagi að vera með 16 vikna rúllur og verða 4 vikna rúllur í staðinn. Með því móti verður einfaldara fyrir starfsfólk að gera sér grein fyrir hvaða vaktufrídaga það á í skipulaginu. Í Suðurbæjarlaug er rúllað á 4 vikum líkt og áður.
- Samverutími vakta á vaktaskiptum á virkum dögum er 8 mínútur í báðum laug - var áður 10 mínútur í Ásvallaug en samverutími á vaktaskiptum er nýtt fyrirkomulag í Suðurbæjarlag.
- Breytingar á opnun sundlauganna eiga ekki að leiða af sér skert kjör starfsmanna. Vaktaálagsgreiðslur munu þó lækka hjá flestum þar sem tímum í 55% álagi fækkar en tímum í 33% álagi fjölgar. Hins vegar mun fjölgun starfsmannafunda sem hefur áhrif á aukningu yfirvinnugreiðslna gera að verkum að heildarlaun starfsmanna lækka ekki. Hjá flestum lækka álagsgreiðslurnar um ca. 1500 – 2000 á kr. á mánuði (hjá fáeinum hækka þó þessi tala um nokkur hundruð krónur) – en yfirvinna vegna fundahalds um 1 klst pr mánuð dekkar launalækkun vegna breytinga á álagsgreiðslum.
- Í tilfelli sex starfsmanna minnkar vinnuskylda um eina kvöldvakt á hverjum fjórum vikum og þar af leiðandi lækka laun sem því nemur þar sem starfsmennirnir fá ekki lengur greidda yfirvinnu á morgun- og helgarvöktum sem nemur 30 mín. pr vakt. Vaktir sem losna við þessar breytingar verður hins vegar að manna með einhverju móti. Þessum starfsmönnum býðst að vinna þessar tilteknu vaktir í yfirvinnu og ef starfsmennirnir kjósa svo lækka laun þeirra ekki. Ef starfsmaður vinnur ekki vaktina sem tekin er af lækka laun viðkomandi um ca. 20 þúsund á mánuði en ef viðkomandi vinnur vaktina hækka launin um nokkur þúsund krónur umfram launin sem greidd voru fyrir 1. maí.
- Breytingarnar gera að verkum að engin starfshlutföll verða skert en aukið verður við nokkur starfshlutföll í Suðurbæjarlaug – þ.e. nokkur hlutföll fara úr 92% yfir í 96%.

*Hafnarfirði, 30. apríl 2018*

**Virðingarfyllst,**

**Aðalsteinn Hrafnkelsson**  
Forstöðumaður stundstaða

**Geir Bjarnason**  
Íþrótt- og tólmstundafulltrúi